




Fjórðungssamband
Vestfirðinga

68. Fjórðungsfjings Vestfirðinga að hausti

Ályktanir



Haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023

Efnisyfirlit

Ályktun - Samgöngur út frá ímynd Vestfjarða.....	4
Greinargerð	4
Fjármagn	4
Stofnvegir.....	4
Tengivegir	5
Jarðgangaáætlun.....	5
Vetrarþjónusta.....	6
Flug	6
Gjaldtaka.....	7
Viðhald vega	7
Vitabyggingar	7
Breiðafjarðarferjan	7
Orkuskipti	7
Hafnamál.....	7
Reiðhjólavegir.....	8
Ályktun um jarðgöng á Vestfjörðum	8
Ályktun um orkumál - Vestfirðir úr biðflokki í verkefnaflokk.....	8
Greinargerð:	8
Ályktun um gerð loftslagsstefnu	10
Greinargerð	10
Ályktun um endurmat ofanflóðahættu	10
Greinargerð:	10
Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum	11
Greinargerð	11
Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs.....	12
Greinargerð	12
Tillaga um gerð viðbragðsáætlana vegna ofanflóða	12
Greinargerð	12
Ályktun um samfélag og menningu.....	12
Greinargerð:	13
Ályktun um Menntastefnu Vestfjarða	13
Ályktun um öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum	14
Ályktun um málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis.....	14

Greinargerð:	14
Ályktun um lagareldi.....	15
Ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó.....	16
Greinargerð.....	16

Ályktun - Samgöngur út frá ímynd Vestfjarða.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 bendir á að markmið stjórnvalda í samgöngumálum eru jákvæð en verulega vanfjármögnuð. Þingið beinir því til yfirvalda samgöngumála að skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til að jafna samkeppnisstöðu Vestfjarða í samgöngumálum.

Fjórðungsþing beinir því til stjórnvalda að auka þegar á árinu 2023 fjármagn til vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum til að bæta ásýnd Vestfjarða til búsetu, fjárfestinga og heimsóknna.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Greinargerð:

Þrátt fyrir verulegar vegaframkvæmdir víða á Vestfjörðum síðustu ár eru enn slæmir kaflar sem gera að verkum að samkeppnisstaða Vestfjarða til atvinnustarfsemi, ferðaþjónustu og búsetu bíður skaða af. Því er brýnt að stjórnvöld tryggi viðbótarfjármögnun til framkvæmda, vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum.

Fjármagn

Lýst er vonbrigðum með að fjármagn til framkvæmdaáætlunar næstu fimm ára í tengslum við samgönguáætlun felur í sér að framkvæmdatími verkefna sem hafin eru mun dragast um tvö til þrjú ár miðað við gildandi framkvæmdaáætlun. Lýst er áhyggjum af áhrifum þessa fjárhagsramma áætlunarinnar á byggingu brúa sem eru dýrustu áfangar endurbóta á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit, að þeim verði frestað enn frekar. Gerð er krafa um að fjármagn verði hér aukið þannig að framkvæmd verði lokið eigi síðar en sumarið 2026. Einnig að er lýst vonbrigðum með nýframkvæmdir sem eru á áætlunartímabilinu 2025-2028 í gildandi samgönguáætlun er frestað um fimm ár.

Fjármagn til jarðgangaaætlunar er sett fram til 30 ára en fjármögnun er einungis tilgreind til ársins 2038 og veldur það óvissu um framhald verkefna. Auka þarf verulega við fjármagn í rannsóknir og undirbúning jarðganga á Vestfjörðum þannig að svæði sem njóta eiga forgangs Vestfirðir, Austfirðir og Tröllaskagi standi hér jafnt að vígi.

Stofnvegir

Framkvæmd við Vestfjarðaveg 60 um Gufudalssveit er lengd til ársins 2027 en átti að vera lokið 2024, en þar er brúargerð í Djúpafirði og Gufufirði stærstu áfangarnir. Framkvæmd við veg um Dynjandisheiði er sömuleiðis framlengd um tvö ár og lýkur 2027 í stað 2025. Hinn langi aðdragandi að þessum verkefnum og áætlanir sem þá voru settar fram um kostnað standast ekki í dag. Það eru vonbrigði að ekki hefur tekist að mæta þessum kostnaðar breytingum og að lengt er í framkvæmdatíma með frestun útboða. Gerð er krafa um að fjármagn til brúargerðar í Gufufirði og Djúpafirði verði aukið og framkvæmdum við þær verði lokið sumarið 2026.

Í framkvæmdaáætlun 2024-2028 né í langtímaáætlun er ekki gert ráð fyrir lokaáfangna Vestfjarðavegar 60 í Vatnsfirði. Ekki hefur fengin niðurstaða um hvort vegstæði feli í sér þverun Vatnsfjarðar eða endurbyggðum vegi um Vatnsfjörð. Þessi biðstaða mun að óbreyttu leiða til ófremdarástands vegna aukinnar umferðar um Vestfjarðaveg 60 samhliða vegabótum og aukinnar umferðar um Barðastrandarveg 62 vegna eflingu atvinnulífs og samfélaga. Brýnt er því að tvöfalda einbreiðar brýr yfir Pennuá.

Meginhluti annarra verkefna sem tilgreind eru í á öðru tímabili (2025-2028, hefur verið seinkað um eitt framkvæmdatímabil 2028-2032. Í stofnvegum á Vestfjörðum eru það Bíldudalsvegur 63 úr Arnarfirði að Vestfjarðavegi 60 á Dynjandisheiði og vegkafla á Innstrandavegi, vegkaflar sem skipta samfélögin miklu.

Engin ný stofnvegaverkefni eru sett á áætlun á Vestfjörðum, en í stofnvegum eru það tveir veghlutar með óbundnu slitlagi á Innstrandarvegi 68. Mikilvægur hluti fyrir íbúa Strandabyggðar og hluti af Vestfjarðaleiðinni sem hefur upphaf við Bröttubrekku og endar við Staðarskála. Allir aðrir stofnvegir á Vestfjörðum eru þá komnir með bundið slitlag, hinsvegar eru ýmsir vegkaflar sem telja má ónýta og þarf að endurnýja frá grunni enda sumir að nálgast 40 ár en áætlaður endingartími stofnvega er 20 – 25 ár.

Tengivegir

Nýframkvæmdum á tengivegum þ.e. Strandavegi 643, Veiðileysuháls er einnig frestað um hið sama og er nú frestað í þriðja sinn frá 2014. Umhverfismati er nær lokið og áætlun um kostnað liggur fyrir. Samkvæmt markmiðum verkefnisins Áfram Árneshreppur sem er hluti af verkefnum í Brothættum byggðum, þá er framkvæmdin lykilatriði í uppbyggingu samfélagsins í Árneshreppi. Gerð er krafa um að verkefninu verði ekki frestað.

Einnig er gerð er krafa um að framkvæmdir við Örlygshafnarveg haldi áfram og reynt verði að ná samkomulagi um verkefnið.

Jarðgangaáætlun

Því ber að fagna að gerð er tillaga í samgönguáætlun um fimm jarðgöng á Vestfjörðum í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í jarðgangamálum, Álftafjarðargöng, Miklidalur og Hálfán í einni framkvæmd sem Suðurfjarðargöng og breikkun Breiðadalsleggjar, auk þess sem Klettháls er tekinn inn.

Fram kemur í samgönguáætlun að þörf fyrir jarðgöng sé brýnust á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Tröllaskaga. Tekið er undir þessa áherslu samgönguáætlunar en slíkt hlýtur að kalla á jafnræði þessara svæða um framkvæmd. Hér er sett fram sú meginkrafa að unnið sé samhliða að gerð jarðgangna á öllum þessum svæðum.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti krefst þess að rannsóknir vegna jarðgangaframkvæmda hefjist strax til að flýta fyrir að framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Í framkvæmdaáætlun er gerð Fjarðarheiðagangna sett í framkvæmd og undirbúningur hefjist að gerð Hvalfjarðargangna,

Siglufjarðargangna og jarðgangna á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Gerð er krafa um að undirbúningur að jarðgangakostum á Vestfjörðum verði einnig hafin á framkvæmdaáætlunartíma. Einungis þannig er mögulegt að bera saman jarðgangakosti milli svæða og ákvarðanir um framkvæmd þeirra.

Önnur meginkrafa er að auka við fjármagn til jarðgangnaframkvæmda, framkvæmdatími þeirra 10 jarðgangakosta sem tilgreindir eru verði stytur úr 30 árum í 20 ár. Ella er það fjármagn sem lagt er til á hverju ári í raun hið sama og á síðustu 30 árum og því sést ekki sú áhersla sem Jarðgangaaætlun er ætlað að sýna. Í annan stað er það ekki boðlegt að vegna umfangs einnar framkvæmdar (Fjarðarheiðargangna) takmarki upphaf annarra verkefna. Þeir fjallvegir og ofanflóðahlíðar sem jarðgöng eiga að leysa af á Vestfjörðum eru sumir því sem næst ónýtir og aðrir munu þarfnast heildarendurnýjunar innan fárra ára. Öryggi vegfarenda er nú þegar stefnt í hættu og með aukinni umferð eykst við þá áhættu sem tekin er.

Atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum sem eru á áhrifasvæði þessara jarðgangna, hefur verið að ná sér eftir langvarandi niðursveiflu og allar forsendur eru til staðar um aukin vöxt. Nefna má að um 3% af heildarútflutningsverðmæti landsins fer um eitt laxasláturhús á Bíldudal. Það er óásættanlegt að jarðganaframkvæmdir á Vestfjörðum tefjist um 15 til 25 ár.

Vetrarþjónusta

Brýnt er að stóraukið fjármagn renni til vetrarþjónustu á næstu árum og að reglur um um vetrarþjónustu verði endurskoðaðar vegna breytinga í atvinnulífi á Vestfjörðum. Þetta brennur mest á þeim vegköflum sem jarðgöng eiga að leysa af en þar er samkvæmt samgönguáætlun að lágmarki 15 ár og til 25 ár í úrbætur. Hér standa Vestfirðir mun verr en önnur svæði og eru þar fastir í úreltum viðmiðunarreglum frá 2012. Vísað er til umfjöllunar Vestfjarðastofu / Fjórðungssambands Vestfirðinga á síðustu þrem árum í Grænbók og Hvítbók Samgönguáætlunar, fjármálaáætlun og fjárlögum.

Flug

Litlar fjárveitingar eru til annarra innanlandsflugvalla en Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík sem fjármagnað er með varaflugvallargjaldi. Gerð er krafa um að það fjármagn sem áður var ætlað til þessara flugvalla sem innanlandaflugvalla renni til annarra áætlunarflugvalla, á Vestfjörðum eru það Bíldudalsflugvöllur, Ísafjarðarflugvöllur og Gjögurflugvöllur. Þessir flugvellir eru forsenda fyrir markmið samgönguáætlunar haldist um 3,5 tíma þjónustusókn til höfuðborgarsvæðis frá þeim svæðum sem þeir þjóna.

Sérstaka áherslu ber að leggja hér á flugleiðsögn og gervihnattarflugleiðsögn á vestari hluta landsins og flýta því verkefni.

Loftbrúin hefur sannað sig í verki og mikilvægt að það verkefni verði eflt.

Flug frá höfuðborgarsvæði til Bíldudals og Gjögurs er styrktur á grundvelli útboða. Endurskoða verður ramma þessara útboða, á Bíldudal þarf auka við tíðni flugferða og fleiri sæti verði í boði með notkun stærri flugvéla en er í dag, á Gjögri þarf að auka tíðni flugferða m.t.t. ef seinkun verður á endurnýjun vegar um Veidileysuháls.

Gjaldtaka

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtök nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Viðhald vega

Þörf er á stórauðnu fjármagni til viðhalds vega umfram það sem er í drögum að samgönguáætlun þar sem það svarar ekki viðhaldsþörf á stofn og tengivegum. Forgangsröðun viðhaldsverkefna innan Vegagerðar þarfnast endurskoðunar, og nauðsynlegt er að mæta markmiðum um jákvæða byggðaðpróun og mikillar uppbyggingar í atvinnulífi.

Vitabyggingar

Öryggi siglinga varð að viðfangsefni í vinnu að strandsvæðaskipulagi, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til viðkomandi stofnana var það mál ekki tekið upp fyrr en á miðju síðasta ári og starfshópur skilaði skýrslu í nóvember s.l.. Lögð var áhersla á að vinna yrði að málinu og það er því einkennilegt að í samgönguáætlun er ekki gert fyrir nýframkvæmdum þ.e. næstu 15 árin. Tel að þetta þurfi endurskoðunar við, að lágmarki verði sagt að unnið sé áfram með málið á grundvelli skýrslunnar enda er matvælaráðuneytið að kynna nú drög að stefnumörkun lagareldis og horfa til næstu tveggja ára með nýja löggjöf. Þetta á ekki einungis við með eldiskvíar í sjó heldur einnig þörungarekt og aðra staðbundna starfsemi á strandsvæðinu.

Breiðafjarðarferjan

Brún þörf er að endurhanna hafnir fyrir siglingar ferjunnar Baldurs þar sem þörf verður fyrir ferjusiglingar yfir Breiðafjörð um ófyrirsjáanlega framtíð.

Orkuskipti

Að mati sérfræðinga á sviði orkuskipta, þá er mun hraðari þróun í notkun rafknúinna flutningabíla heldur en þeirra sem nýta rafeldsneyti og þegar hafinn innflutningur slíkra bíla. Drægni þessara bíla í dag er frá 170 til 300 km og að teknu tilliti til vegalengda á Vestfjörðum þá er ljóst að það þarf að byggja upp afhendingarstaði innan Vestfjarða til að þjóna þessum flutningum, einnig mun veðurfar og færð á vegum hafa hér áhrif.

Samgönguáætlun þarf að taka mið af þessari þróun og leita samráðs við Landsnet varðandi flutningskerfi raforku og við dreifiveitur, þannig að samhæfa megi uppbyggingu raforkukerfis og samgöngukerfis og aðlagð nýjum þörfum og samkeppnisstaða Vestfjarða í þessum eignum verði tryggð.

Hafnamál

Brýnt er að auka fjármagn til Hafnabótasjóðs þar sem fyrirsjáanleg er aukin umferð og orkuskipti og því mikil þörf fyrir endurbætur og nýframkvæmdir í höfnum Vestfjarða.

Reiðhjólavegir

Reiðhjólamennska er vaxandi affreyning fyrir íbúa og ferðmenn sem sækja til Íslands. Vegakerfið á Vestfjörðum er mjög fjölbreytt og er mjög vaxandi áhugi fyrir styttri og lengri hjólaferðum og eins hjólakeppnum. Ásókn er í að fara um þá vegi sem hafa verið aflagðir á Vestfjörðum og er hér lagt til að þessir vegir verði hluti af uppbyggingu reiðhjólavega. Sérstaklega verði skoðað að viðhalda brúm sem eru á aflögðum vegum, en nýlegt dæmi um að áhugaverð hjólaleið er ófær sökum þess að brú var brotin niður.

Ályktun um jarðgöng á Vestfjörðum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023, ályktar að unnið skuli samhliða að undirbúningi og hönnun bæði Álftafjarðarganga og Suðurfjarðarganga á fyrsta áfanga nýrrar samgönguáætlunar og að framkvæmdir verði hafnar strax að hönnun lokinni. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.7. október 2023 ályktar að haldið verði þing um jarðgöng og fjármögnun stórframkvæmda þar sem forsendur uppröðunar jarðgangakosta og leiðir til fjármögnunar stórframkvæmda í vegagerð verði ræddar.

Greinargerð: Jarðgangaáætlun Vestfjarða.

Ályktun um orkumál - Vestfirðir úr biðflokki í verkefnaflokk.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, harmar þá erfiðu stöðu sem orkuskortur á Vestfjörðum hefur nú um áratuga skeið hindrað eðlilega framþróun atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir á einróma samþykkt þingsályktunar Alþingis frá 2018 að setja Vestfirði í forgang í raforkumálum. Bygðri ályktunin á greinargerðum Landsnets og skýrslum starfshópa um afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Í ályktun Alþingis kemur fram að Vestfirðir verði líkt og aðrir landshlutar eigi síðar en árið 2030 með hringtengt flutningskerfi eða ígildi þess.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur því, að nú að fimm árum liðnum frá ákvörðun Alþingis að setja Vestfirði í forgang, þá liggi allar forsendur málsins nú fyrir. Krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga er að stjórnvöld taki fyrir lok árs 2023 þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að umbylta flutningsmálum raforku og framleiðslu raforku innan Vestfjarða.

Greinargerð:

Frá árinu 2018 hafa stjórnvöld síðan beitt sér með svæðisbundnum aðgerðum en jafnframt unnið ítarlegri greiningar á forsendum fyrir stærri aðgerðir. Á þessum grundvelli liggja nú fyrir tillögur að tímasettum áföngum í flutningsmálum og eða framleiðslu á raforku innan Vestfjarða.

Aðgerðir eru;

- Tvöföldun Vesturlínu frá Hrutatungu í Hrutafirði í afhendingarstað á norðanverðum Vestfjörðum s.s. Mjólka í Arnarfirði.

- Uppbyggingu virkjunar innan Vestfjarða með að lágmarki 20 MW meðalframleiðslu, gerir kleift að áfangaskipta tvöföldunar Vesturlínu og auka hagkvæmni þess verkefnis.
- Tvær vatnsaflsvirkjanir (Austurgil og Ófeigsfjörður) eru með tilgreinda framleiðslugetu og hafa verið samþykktar af Alþingi innan Rammaáætlunar, en samhliða þarf að byggja upp nýtt flutningskerfi með tengipunkt í Ísafjarðardjúpi.
- Undirbúningur er hafinn að nýrri virkjun á Ströndum sem til að ná fram ígildi hringtengingar og skapa síðar möguleika á hringtengingu við aðra hluta Vestfjarða.
- Regluverk vegna smávirkjana verði endurskoðað og einfaldað.
- Rammaáætlun 4 fari til umfjöllunar á Alþingi.

Til að standast tímamörk ársins 2030 þarf í ljósi undirbúnings og framkvæmdatíma verkefna að hefjast nú þegar handa, en þá þurfa stjórnvöld að taka ákvarðanir sem ákveða tímasetningu aðgerða.

Raforkuframleiðsla innan Vestfjarða annar einungis litlum hluta á orkuþörf landshlutans og Vesturlína, flutninglína raforku frá öðrum hlutum landsins, liggur um veðurfarslega lang erfiðustu aðstæður flutningskerfisins í landinu. Samspil þessara þátta hefur leitt af sér viðvarandi orkuskort og gert Vestfirði háða jarðefnaeldsneyti í formi varaafis. Samanlagt setja þessar aðstæður meiri áhættu í afhendingaröryggi raforku en þekkist í öðrum landshlutum.

Horft til fortíðar þá hefur þessi staða leitt af sér verri launaþróun og sett samfélagi og atvinnulífi mun þrengri ramma til nýsköpunar og atvinnuþróunar en ella hefði verið. Að óbreyttu blasir nú einnig við að landshlutinn mun sömuleiðis sitja eftir í þeirri vegferð sem stjórnvöld hafa sett varðandi orkuskipti og vaxandi orkuþörf á grundvelli kröfu um sjálfbæra orkunotkun.

Fjórðungsþing Vestfirðinga fagnar þeim aðgerðum sem settar hafa verið af stað s.s. uppbygging svæðisbundins flutnings- og dreifikerfis, jarðhitaleit og stuðning við orkuskipti í atvinnulífi og samfélagi. Þessar aðgerðir leysa því miður einungis hluta málsins, nú þarf stærri ákvarðanir hvort farið verði í virkjanaframkvæmdir og uppbyggingu flutningskerfis þeim samhliða eða hefja tvöföldun Vesturlínu án frekari fyrirvara. Einungis þannig verður hægt að leysa viðvarandi orkuskort á Vestfjörðum og gera samfélög og atvinnulíf samkeppnishæf til framtíðar lítið.

Viðauki

Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum, júní 2023

[Efling Samfelags a Vestfjordum Web.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum, apríl 2022

[Raforkumal Vestfjarda skýrsla 2022.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Áreiðanleiki afhendingar [raforku] á Vestfjörðum, 2021

<https://landsnet.is/library?itemid=19966556-788c-4870-b7ed-d6c99b839efc>

Kvísartunguvirkjun í Strandabyggð, matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun

[Álit um matsáætlun Kvíslatunguvirkjun .pdf](#)

Ályktun um gerð loftslagsstefnu

68. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð loftslagsstefnu fyrir Vestfirði. Loftslagsstefnan verði hluti af svæðiskipulagi sem markar m.a. meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða. Stefnan, ásamt markmiðum um samdrátt í losun og aukningu í kolefnisbindingu og tilsvarandi aðgerðaáætlun, verði einn af lyklunum að sjálfbærri þróun á Vestfjörðum. Loftslagsstefnan verði unnin í samræmi við aðra áætlanagerð í umhverfismálum, eins og t.d. svæðisáætlun um úrgang.

Greinargerð:

Frá árinu 2012 hafa gilt lög nr. 70/2012 sem kveða á um að sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu. Slíkt hefur þó ekki verið gert enn af neinu sveitarfélagi á Vestfjörðum. Mikilvægi loftslagsstefnu felst m.a. í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu, sem markmið og aðgerðaáætlunarhluti hennar ættu að tryggja. Stjórnvöld á Íslandi hafa sett sér markmið um að landið verði kolefnishlutlaust 2040, en ljóst er að það verður ekki nema með framlagi sveitarfélaganna. Auk þess að sporna við hamfarahlýnun, munu tækifæri felast í loftslagsstefnu með fjárfestingum í nýrri þekkingu og orkuinnviðum. Nú þegar vinna er að hefjast við gerð svæðisskipulags, er rétt að hefja gerð loftslagsstefnu og samtvinna hana a.m.k. að hluta skipulagsgerðinni.

Í vinnu við gerð loftslagsstefnu verði hlutverk umhverfissvottunarinnar Earth Check jafnframt skoðað.

Ályktun um endurmat ofanflóðahættu

68. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. -7. október 2023, skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fjármálaráðherra að leita allra leiða til þess að flýta vinnu við að endurmeta hættu á ofanflóðum þar sem þegar hafa verið byggðar ofanflóðavarnir. Fjórðungsping minnir á upphaflegt hlutverk Ofanflóðasjóðs um verndun byggða fyrir ofanflóðum og flokkun og nýtingu hættusvæða.

Greinargerð:

Lög og reglugerðir um málið eru skýr og í reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða stendur að Veðurstofa Íslands annist m.a. endurskoðun hættumats, sbr. 15. gr. (309/2010). Í sömu reglugerð stendur: „Endurskoða skal uppdrætti og rýmingaráætlanir ef reist eru varanleg varnarvirki gegn ofanflóðum.“ Í 13. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) stendur að Ofanflóðasjóður skuli greiða allan kostnað við gerð hættumats svo og kostnað við gerð úttektar og uppdráttu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skipaði starfshóp til að leggja mat á þörf fyrir frekari rannsóknir, vöktun og viðbrögð við náttúruvá sem hægt sé að nýta til að efla hættumat, vöktun og miðlun vegna náttúruvá á Íslandi.

Starfshópurinn skilaði af sér stöðumati í apríl 2023 og ein helsta niðurstaða starfshópsins er varðar hættumat er sú að áætluð fjárþörf til málaflokksins er metin umfangsmikil. Í skýrslunni stendur einnig að nauðsynlegt sé að endurskoða hættumat þar sem reist hafa verið varnarvirki. „Endurskoða þarf fjárþörf reglulega, að lágmarki á þriggja ára fresti, þar sem tekið er tillit til framvindu verkefna, tækniframfara, rannsókna og aðlögunaraðgerða, m.a. vegna loftslagsbreytinga og samfélagslegra þátta, s.s. þróunar byggðar og ferðamennsku.“

Verði ekkert að gert munu íbúar sem búa undir þegar byggðum snjóflóðavörnum mögulega búa við falskt öryggi og húseignir þeirra metnar á lægra verði vegna snjóflóðahættu sem mögulega sé ekki lengur til staðar. Falskt búsetuöryggi íbúa er óásættanlegt með tilliti til vellíðunar fólks og því er mikilvægt að endurmat áhættu fari fram sem allra fyrst eftir byggingu snjóflóðavarna. Jafnframt þarf endurmat að fara fram til að eignaverð sé í samræmi við aðrar eignir á viðkomandi svæði og að húseigendur sitji ekki uppi með ódýrari og eða illseljanlegar eignir vegna dráttar á endurmati. Sveitarfélögum er einnig bannað með lögum að skipuleggja byggð undir varnarmannvirkjum sem ætlað var að verja viðkomandi svæði, þrátt fyrir að möguleiki sé á að hættumörk séu undir þeim stöðlum sem miðað er við. Þar sem víða er takmarkað framboð af góðum byggingarlóðum getur dráttur á endurmati komið í veg fyrir að byggt sé á mögulegum lóðum innan byggðar og getur því leitt til meiri kostnaðar fyrir sveitarfélög við að útbúa nýjar lóðir í stað þess að geta nýtt betur þá innviði sem eru til staðar undir þegar byggðum snjóflóðavörnum.

Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023, skorar á stjórnvöld að viðurkenna þann markaðsbrest sem er til staðar hjá minni byggðarlögum og veldur mismunun í ljósleiðaravæðingu landsbyggðarinnar. Ennfremur er skorað á stjórnvöld að tryggja fjarskiptasjóði nægjanlegt fjármagn til þess að allir landsmenn sitji við sama borð.

Greinargerð

Ríkið seldi á sínum tíma grunnnetið til einkaaðila, sem í dag ákveða; a) í hvaða byggðarlögum ljósleiðari skuli lagður í hús, íbúum að kostnaðarlausu og b) að í minni byggðarlögum úti á landi, verði ljósleiðari ekki lagður ókeypiss í hús. Þarna er kostnaði varpað á íbúa minni byggðarlaga af þessum þjónustuaðilum. Minni byggðarlög á landsbyggðinni, sem áður höfðu tryggingu fyrir aðgerðum sem fólust í eignarhaldi ríkisins á grunnnetinu og þeirri þjónustu sem það veitti, standa nú frammi fyrir verulegum kostnaðarauka til að komast til jafns við stærri byggðarlög hvað ljósleiðaravæðingu í hús varðar. Þetta er mismunun sem ríkið þarf að leiðrétta.

Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 beinir því til stjórnvalda að jafna flutningskostnað úrgangs, sem fellur til í sveitarfélögum langt frá urðunar-, móttöku- og förgunarstöðum, við þau sem eru í nálægð við slíka staði.

Greinargerð

Með breytingum á lögum vegna meðhöndlunar úrgangs er sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við þjónustu um meðhöndlun úrgangs. Við gildistöku þessa ákvæðis kom skýrt fram að sveitarfélög sem eru bæði dreifbýl og langt frá móttökustöð standa höllum fæti þegar kemur að kostnaði af meðhöndlun úrgangs og aðstöðumunur sveitarfélaga sláandi. Gjöld á íbúa í Vesturbyggð árið 2023 vegna meðhöndlunar úrgangs er með því hæsta sem gerist á landinu og langtum hærrí en það sem þekktist á höfuðborgarsvæðinu, en dugir þó ekki til fyrir rekstri þjónustunnar.

Tillaga um gerð viðbragðsáætlana vegna ofanflóða

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 beinir því til Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra að hefja gerð viðbragðsáætlana vegna ofanflóða í öllum þéttbýlum á Vestfjörðum þar sem slíkt vantar.

Greinargerð

Komið hefur ljós að viðbragðsáætlanir vegna ofanflóða eru almennt ekki til staðar. Nauðsynlegt er að hafa slíkar viðbragðsáætlanir tiltækar svo að viðbragðsaðilar geti æft sig eftir þeim reglulega. Þannig verða viðbrögð fumlaus og örugg.

Ályktun um samfélag og menningu

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 hvetur Alþingi og ráðuneyti til að standa vörð um Sóknaráætlanir landshlutanna og tryggja verulega meira fjármagn til þeirra en gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og Fjármálaáætlun 2024-2028.

Fjármögnun menningarstofnana og viðburða í héraði á sér að mestu stað í gegnum fjármagn úr Sóknaráætlunum til Uppbyggingasjóða landshlutanna. Það fjármagn hefur rýrnað mikið síðustu ár og útlit fyrir að það rýrni enn meira á næstu árum.

Miklu máli skiptir fyrir sjálfsmynd íbúa að unnt sé að halda úti metnaðarfullum menningarstofnunum og fjölbreyttum viðburðum á Vestfjörðum. Í gegnum menningu er sérstaða svæðisins, íbúa þess og sérkenni staða dregin fram bæði fyrir íbúa og gesti.

Menningu má kalla límið í hverju samfélagi og gildi þess að hægt sé að hafa stærstu söfn opin allt árið, að menningarviðburðir séu í boði er ótvírætt bæði fyrir íbúa og gesti. Áningarstaðir sem byggja á menningu geta eins og dæmin sýna um land allt haft mikið aðdráttarafl allt árið um kring og styðja þannig jafnframt markmið um dreifingu ferðamanna um landið og lengingu ferðamannatímabilsins.

Greinargerð:

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi og sértækar byggðaáætlanir fyrir svæðin sem fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Í þeim er falin sýn íbúa svæðisins á það hvernig svæðin eigi að þróast næstu ár.

Vestfirðir – 2030

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

(Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024)

Fyrstu fjögur ár gildandi Sóknaráætlunar Vestfjarða hefur gríðarleg áhersla verið lögð á *góða innviði og fjölbreytt atvinnulíf*. Mikil áhersla er á að tryggja grunninnviði svæðisins og að stutt sé við atvinnuuppbyggingu. Stórum hluta þeirrar orku sem fer í hagsmunagæslu svæðisins hefur verið í að tryggja að innviðir svæðisins verði að minnsta kosti samkeppnishæfir við aðra landshluta. Nokkur árangur hefur náðst á þessum sviðum þó enn sé nokkuð í land með að öllum markmiðum sé náð.

Til að tryggja að framtíðarsýn um *kraftmikla sköpun, umhverfisvitund, alþjóðlegt þekkingarsamfélag* og *öfluga samfélagslega þjónustu* geti raungerst þarf hið opinbera, sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu að taka höndum saman um aðgerðir á þeim sviðum.

Ályktun um Menntastefnu Vestfjarða

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 ályktar um fyrirbyggjandi drög að Menntastefnu Vestfjarða sem send verða sveitarfélögum til umfjöllunar að loknu Fjórðungsþingi.

Einn helsti drifkraftur þróunar á Vestfjörðum er þekkingarstig íbúa svæðisins. Aukin menntun er forsenda nýsköpunar og vaxtar í samfélaginu, hún eflir og bætir lífsgæði og afkomu íbúa.

Þau drög að menntastefnu sem nú eru til umfjöllunar innihalda metnaðarfulla framtíðarsýn sem sveitarfélögin á Vestfjörðum sammælast um að innleiða og nýta við mótun skólastefnu fyrir hvert sveitarfélag og leggja í þeim til aðgerðir sem styðja við framtíðarsýn, leiðarljós og markmið Menntastefnu Vestfjarða.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti beinir því jafnframt til mennta- og barnamálaráðuneytis, háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að nýta og styðja við Menntastefnu Vestfjarða við mótun aðgerða og stefnu í viðeigandi málaflokkum.

Greinargerð:

Drög að Menntastefnu Vestfjarða.

Ályktun um öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum

68. fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 ályktar að stjórnvöld tryggi að öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum verði eft. Mikilvægt er að sjúkraflutningar séu í lagi á landi og í lofti. Löggæsla og fjarskipti verði tryggð með þeim hætti að það styðji við þá uppbyggingu sem er að eiga sér stað í samfélaginu, atvinnulífinu og ferðapjónustunni. Fjöldi íbúa og ferðafólks er að aukast og mikilvægt að þjónustan sé í takti við þá þróun.

Í könnun um bráðapjónustu utan þéttbýlisstaða sem gerð var á vegum heilbrigðisráðuneytisins kemur fram viðhorf fólks á landsbyggðinni til þjónustunnar. Á Vestfjörðum var hærra hlutfall svarenda en í öðrum landshlutum, sem taldi að bæta þurfi bráðapjónustu á vettvangi. Eins og staðan er í dag er erfitt að segja að lágmarksöryggi sé tryggt við vissar aðstæður og til að bæta þar úr þarf að taka aukið tillit til veðurfars, landfræðilegra aðstæðna og fjarskipta.

Brýnt er að þegar staðsetning sjúkraþyrlna er ákveðin þarf að gæta þess að öryggi á Vestfjörðum sé tryggt og farið verði í nauðsynlegar framkvæmdir við sjúkraflugvelli á svæðinu eins og bent er á í skýrslunni Öryggishlutverk lendarastaða.

Töluverð þróun hefur átt sér stað innan heilbrigðisþjónustu í landinu varðandi fjarþjónustu. Til að hægt sé að nýta nýjungar og þróun á því sviði þurfa innviðir líkt og fjarskiptasamband að vera til staðar með fullnægjandi hætti.

Ítarefni:

[Stjórnarráðið | Skýrsla um öryggi lendarastaða \(stjornarradid.is\)](#)

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Gallupk%c3%b6nnun-br%c3%a1%c3%b0a%c3%bej%c3%b3nusta%20%c3%a1%20landsbygg%c3%b0inni.pdf>

Ályktun um málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið er í Bolungarvík 6.-7. október 2023 leggur til við sveitarfélögin að efla starfsemi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis á árinu 2024 í samræmi við tillögur Heilbrigðiseftirlitsins.

Greinargerð:

Á vorþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 12. apríl 2023 var samþykkt að á haustþingi verði rædd málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða með það að markmiði að efla starfsemi eftirlitsins til að gera því kleift að sinna öllum þeim skyldum sem á eftirlitinu hvíla.

Þá er sérstaklega horft til umhverfiseftirliti og hreinsunar lóða og lenda til að unnt sé að fylgja eftir að fjarlægja númerslausar bifreiðar, brotajárnshauga og annað sem safnast hefur upp á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Stjórnsýslan í kringum ferilinn að fjarlægja númerslausar bifreiðar er orðin viðamikil og flókin og telur Heilbrigðisnefnd Vestfjarða nauðsynlegt að bæta við starfsmanni hjá eftirlitinu til að annast þennan málaflokk svo sómi sé að. Slík ráðning kallar á

aukið fjármagn frá sveitarfélögunum og því nauðsynlegt að ræða málefni Heilbrigðiseftirlitsins á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Í fundargerð Heilbrigðisnefndar frá 07.09.2023 sem send hefur verið öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum kom fram í greinargerð með fjárhagsáætlun rökstuðningur fyrir því að bæta við starfsmanni hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Þar kemur fram að fyrirsjáanlegt er að eftirlitið kemst ekki yfir þau verkefni sem það á að sinna samkvæmt lögum með núverandi mönnum.

Úr greinargerð: „Í fjárhagsáætlun 2024 er lagt til að starfsmenn heilbrigðiseftirlits verði 3. Starfsmannapörf eftirlitsins samkvæmt fyrirtækjaskrá er 1770 einingar, með núverandi starfsmannafjölda höfum við til ráðstöfunar 1320 einingar, með viðbótarheilbrigðisfulltrúa verða virkar vinnustundir við eftirlit 1782.“ Jafnframt var lagt til að gjaldskrá verði endurnýjuð og innheimtu breytt.

Hér með er tillaga frá vorþingi lögð fram að nýju ásamt fylgigögnum og óskað eftir samþykki Fjórðungsþings að málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis verði rædd á þinginu í samhengi við aðra umfjöllun um umhverfi og ímynd Vestfjarða þannig að tryggt sé að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.

Ályktun um lagareldi

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, fagnar framkomnum drögum að nýrri stefnumótun lagareldis og samþykktu strandsvæðaskipulagi og lýsir á þeim grunni yfir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að auka fjármagn til rannsókna á áhrifum fiskeldis á lífríkið og til miðlunar fræðslu um umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjókvíaeldis á Íslandi. Opinber störf sem tengjast þjónustu og eftirliti með sjókvíaeldi skulu vera þar sem starfsemin fer fram.

Á undanförunum árum hefur sjókvíaeldi byggst upp á Vestfjörðum og með þeirri uppbyggingu hefur orðið algjör viðsnúningur í atvinnulífi og byggðapróun á Vestfjörðum. Byggðir sem áður töldust vera deyjandi samfélög eru nú farnar að blómstra og bjartari framtíð blasir við íbúum Vestfjarða. Mikilvægt er að sjókvíaeldið fái að þróast og að þekking á eldinu verði bætt með auknum rannsóknum og fræðslu um áhrifin af þessari nýju atvinnugrein sem er að skjóta rótum á Íslandi. Samfélög á Vestfjörðum eiga mikið undir að atvinnugreinin vaxi. Skýrsla Boston Consulting Group staðfestir tækifæri og mögulegan vöxt í framtíðinni. Til að það geti orðið þá þarf ramminn og umgjörð greinarinnar að vera skýr.

Markmið stefnumótunarinnar er að framtíðaruppbygging í lagareldi byggji á skýrum viðmiðum sjálfbærrar nýtingar, vistkerfisnálgunar og varúðar. Áhersla á eftirlit, vöktun og rannsóknir með framleiðslunni standist ítrustu kröfur til að koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfið í framtíðinni.

Markmið strandsvæðaskipulags í byggðamálum eru meðal annars að nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar og styðji lífsgæði íbúa.

Þessi markmið eru í takt við vilja sveitarstjórnarfulltrúa á Vestfjörðum sem hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda um árabíl. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur að aðgerðaleysi Alþingis, ríkisstjórna, ráðuneyta og stofnana í málefnum fiskeldis hafi gert að verkum að uppbygging eftirlits og rannsókna í nærumhverfi atvinnugreinarinnar sé ábótavant og að skýr stefna hafi ekki verið mótuð fyrir atvinnugreinina fyrr en nú. Afleiðingar aðgerðaleysis hafa nú mjög neikvæð áhrif á umhverfi og ímynd Vestfjarða.

Þessu til áréttingar bendum við á auglýsingar bæði Hafrannsóknarstofnunar og Mast á liðnum vikum, þar sem störf er tengjast fiskeldi, rannsóknum og eftirliti eru ekki staðsett á fiskeldissvæðum heldur óstaðbundar. Við teljum uppbyggingu starfa við eftirlit og rannsóknir í nærumhverfi lykilþátt í sjálfbærri uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 fagnar tillögum um að leggja fiskeldissjóð niður sem samkeppnissjóð, en skorar jafnframt á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptingu af gjaldi vegna fiskeldis í sjó með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.

Greinagerð:

Með lögum nr. 89/2019 voru lögð á gjaldskylda vegna fiskeldis í sjó og er þar rekstrarleyfishöfum fiskeldisstöðva gert að greiða gjald í ríkissjóð sem nemur allt að 3,5% af meðaltali alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi. Ráðstöfunarfé Fiskeldissjóðs er ákveðið á fjárlögum og hefur hingað til verið miðað við að 1/3 gjaldsins renni í Fiskeldissjóð sem síðan úthlutar styrkjum til innviðaverkefna í fiskeldissveitarfélögum. Álagning gjaldsins er á grundvelli magns slátraðs eldisfisks hverju sinni. Ljóst má vera að skipting þessa gjalds, þar sem nú fer 1/3 þess til sveitarfélaganna í gegnum Fiskeldissjóð, er ekki sanngjörn því verið er að nýta staðbundnar náttúruauðlindir með tilheyrandi þörf á stækkun innviða þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið er stundað. Því er skorað á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptinguna með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.